

88

16. gr.

15. sept.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitar-sjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögglumál.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Þingvöllum, 15. september 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

89

L Ö G

15. sept.

um breyting á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 2. gr., 3. gr. og 4. gr. laganna komi ný grein, er hljóði svo:
Fjármálaráðuneytið skal með reglugerð ákveða stærð, þunga og málmböndu skiptimyntarinnar.

Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Þingvöllum, 15. september 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.